

Ályktun um símenntun/starfsþróun - Vettvangur til framtíðar

Ársfundur Kennarasambands Íslands haldinn á Hótel Sögu 18. apríl 2012 fagnar þeirri vinnu sem átt hefur sér stað í samstarfsnefnd mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands og KÍ um símenntun og starfsþróun kennara. Samstarf hagsmunaaðila á þessu sviði er afar gagnlegt þar sem mikilvægt er að líta á skólastarf, menntun og starfsþróun kennara og hlutverk stjórnvalda sem heild þar sem allir aðilar stilla saman strengi í stað þess að búa verkefni niður þannig að tilviljanakennt kerfi verði til. Ársfundurinn bindur miklar vonir við að áframhald verði á samstarfi framangreindra hagsmunaaðila og að menntamálaráðherra taki undir áhuga þeirra á stofnun fagráðs um símenntun/starfsþróun kennara og að í framhaldinu verði til heildstæð stefna sem komist til framkvæmda í tímasettum áföngum. Efling þessa málaflokks er lykilforsenda skólaþróunar á Íslandi.
